



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 11. maí 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.)

Vísað er til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.), 922. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum í því skyni að samræma löggjöf við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.¹

Umboðsmaður barna fagnar þeim tillögum sem lagðar eru fram með frumvarpinu og telur jákvætt og nauðsynlegt að þær áherslur sem fram koma í farsældarlögum séu einnig undirstrikaðar í sérlögum á sviði mennta,- frístunda og íþróttamála. Reynslan á innleiðingartímabili farsældarlaganna hingað til hefur, að mati umboðsmanns, sýnt fram á að þarft sé að skerpa enn frekar á þeim skyldum sem hvíla á þjónustuveitendum skv. IV. kafla laganna.

Embættið hefur frá árinu 2021 sinnt réttindagæslu barna á grundvelli þingsályktunartillögu um barnvænt Ísland nr. 28/151. Af þeim málum sem embættið hefur tekið til meðferðar er í flestum tilfellum um að ræða erfiðleika innan grunnskóla af ýmsum toga og skort á því að börnum sé veittur sá stuðningur sem þörf er á. Á grundvelli þeirra upplýsinga telur umboðsmaður barna ljóst að sterkar vísbendingar séu til staðar um að víða sé staða barna með stuðningsþarfir alvarleg innan skólakerfisins. Einnig hefur embættið orðið vart við það að beiðnum foreldra um samþættingu hafi verið synjað á þeim grundvelli að önnur úrræði hafi ekki verið reynd, en ljóst er að sú framkvæmd er í andstöðu við meginmarkmið laganna, að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana. Tekur umboðsmaður barna því undir það sjónarmið að þörf sé á að á rétta sérstaklega þær skyldur sem hvíla á þjónustuveitendum skv. farsældarlögum. Þá telur embættið einnig að 19. gr. frumvarpsins, þar sem skyldur umsjónarkennara eru formfestar og aðgreindar frá skyldum tengiliðar, sé til þess fallin að styðja enn frekar við þær áherslur sem fram koma í farsældarlögunum.

¹ Hér eftir farsældarlög.

Þó er óhjákvæmilegt að nefna í þessu sambandi að skortur á úrræðum og bið barna eftir nauðsynlegri þjónustu er ekki síður alvarlegt vandamál. Umboðsmaður barna birti þann 21. mars sl. upplýsingar um bið barna eftir þjónustu en embættið hefur staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun um þann fjölda barna sem bíður eftir þjónustu hjá tilteknum aðilum með það að markmiði að varpa ljósi á stöðuna hverju sinni. Telur umboðsmaður því rétt að benda á nauðsyn þess að tekið sé tillit til þessarar stöðu í víðara samhengi og að við endurskoðun laga og stefnumótun í þágu velferðar og farsældar barna sé tekið mið af raunverulegri stöðu barna, enda er ljóst að ekki er unnt að samþætta þjónustu sem ekki er fyrir hendi.

Að lokum fagnar umboðsmaður barna því sérstaklega að með frumvarpinu sé gert ráð fyrir aukinni þátttöku barna og telur jákvætt að lagt sé til að sú löggjöf sem breytingarnar ná til endurspegli betur réttindi barna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, einkum hvað varðar 12. gr. samningsins.

Gerir umboðsmaður samkvæmt framansögðu engar athugasemdir við efni frumvarpsins, en áréttar mikilvægi þess að ráðist verði í aðgerðir til að leysa þann aðkallandi vanda sem til staðar er varðandi skort á úrræðum og bið barna eftir þjónustu, enda verður markmiðum farsældarlaganna ekki náð með öðru móti.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna